

# Fundagerð Foreldraráðs

## Fundagerð 6. Maí 2013

### Foreldraráðsfundur

#### 1. Sumarhátíðin föstudaginn 7. maí.

- ✓ Búið að panta Skoppu og Skrítlu fyrir hátíðina og mæta þær kl.14:30. Kostar atriði þeirra 45.000 kr. og hefur það nú þegar verið greitt úr foreldrafélagssjóði.
- ✓ Hátíðin verður eftir hádegi.
- ✓ Hugmynd um að Marcin spili á gítar, andlistmálning verði, pylsur verði grillaðar (ásamt pylsubrauði), krítar, sápukúlur, ofl.
- ✓ Foreldraráð mætir kl.14.

Hátíðin verður inni ef veður er vont.

#### 2. Tillaga um kaup á vörum og þjónustu.

- ✓ Foreldrafélagssjóðurinn stóð í 120.000 kr. en núna í 75.000 kr. eftir kaup á leiksýningu Skoppu og Skrítlu.
- ✓ Óskað eftir að nota sjóðinn til að kaupa tvær nýjar digital myndavélar fyrir deildirnar Bangsa- og Kisukot. Fengist hefur niðurstaða um að raunhæfara er að fjárfesta í nýjum vélum heldur en að senda eldri vélar deildanna sem eru bilaðar í viðgerð.
- ✓ Einnig er óskað eftir að nota sjóðinn til að greiða fyrir High Scope fyrirlestur sem Íris á Mánagarði mun halda fyrir starfsfólk Leikgarðs. Er þá miðað við að nota eftirstöðvar sjóðsins eftir að myndavélarnar hafa verið keyptar, eða um 20.000 til 30.000 kr.
- ✓ *Fyrrgreind atriði voru samþykkt af viðstöddum foreldrum foreldrafélags Leikgarðs skólaárið 2012-2013.*

#### 3. Starfsemi Leikgarðs.

- ✓ Starfsandi einstaklega góður.
- ✓ Haldin verða starfsmannaviðtöl fyrir sumarfrí.
- ✓ Mál í vinnslu:
  - Innra mat.
  - Skólanámsskrá sem er í samstarfi við Sólgarð.

### **3. Mál sem voru borin upp á fundi.**

#### Vegna reykinga í grend við Leikgarð:

- Hugmynd var borin upp að foreldraráð myndi senda bréf til Félagsstofnunar Stúdenta (FS) vegna þess ónæðis reykingar íbúa Stúdentagarða valda.
- Ósk um að FS taki á þeim óþægindum sem starfsfólk og börn leikskólans verða fyrir af reykingunum.
- Einnig athuga hvort aðrir leikskólar FS í nágrenni Leikgarðs (Sólgarður og Mánagarður) vilji taka þátt.
- *Til hliðsjónar: Leikskólar FS (Leikgarður, Sólgarður og Mánagarður) hafa sent bréf til íbúa stúdentagarða vegna þess.*

#### **Athugasemd.**

- Arsenikmengun í hrísmjólk. Í Svíþjóð og Danmörku er búið að mæla gegn því að börn undir 4 ára aldri drekki hrísmjólk. Er í vinnslu hjá matvælastofnun á Íslandi.
  - Leikgarður hefur ekki fengið fregnir af umræddu máli.
  - Á leikgarði er sojamjólk notuð í stað hrísmjólkur.

*Ritað 28. maí 2013.*